

**Ed. 334. Frumvarp til laga [203. mál]**

um breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54 6. apríl 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Innheimtustofnunin getur tekið að sér, gegn greiðslu, hverskonar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðaskuldum manna, sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi. Stofnunin getur enn fremur, að beiðni ráðuneyta, með sama hætti tekið að sér innheimtu meðlagsskulda erlendra ríkisborgara búsettra hér á landi og meðlög, sem greidd eru erlendis vegna íslenskra ríkisborgara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar verði á 2. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga, eru til komnar vegna beiðni félagsmálaráðuneytisins um að lögnum verði breytt þannig, að stofnunin hefði heimild til að taka að sér innheimtu fyrir ráðuneytið á meðlagsskuldu erlendra ríkisborgara, sem búsettir eru hér á landi. Enn fremur hefur dómsmálaráðuneytið óskað eftir að tekin verði upp í löginn heimild til handa stofnuninni til að annast innheimtu á meðlögum greiddum erlendis fyrir íslenska ríkisborgara.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga hefur einróma samþykkt fyrir sitt leyti að framangreind breyting verði gerð á lögnum.